**Reykjavík 3. janúar 2022**

**Erindi til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna**

| Erindi sent til: | Afrit sent til: |
|---|---|
| Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi | Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Sviðsstjóri menntasviðs, Kópavogi |
| Ásgerðu Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi | Baldur Pálsson, Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Seltjarnarnesi |
| Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík | Helgi Grímsson, Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs, Reykjavík |
| Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ | Eiríkur Björn Björgvinsson, Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Garðabæ |
| Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ | G. Linda Udengård, Framkvæmdarstjóri fræðslusviðs, Mosfellsbæ |
| Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði | Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, Sviðsstjóri skólaskrifstofu, Hafnarfirði |
| Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins | Þóra K. Ásgeirsdóttir, Deildarstjóri Almannavarna höfuðborgarsvæðisins |

Samkvæmt tilmælum sóttvarnarlæknis mun Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins bjóða foreldrum 6-11 ára barna að láta bólusetja börn sín fyrir Covid-19 nú í upphafi árs 2022.

Fyrirhugað er að bjóða upp á þessar bólusetningar í vikunni 10-14 janúar 2022 og síðan aftur, skammt nr tvö að 3-4 vikum liðnum (ákvörðun um lengd milli bólusetninga hefur ekki enn verið tekin).

Nú hafa viðkomandi heilsugæslustöðvar og skólahjúkrunarfræðingar verið í samskiptum við skólastjórnendur um mögulegar útfærslur í hverjum skóla fyrir sig og er áætlun tilbúin fyrir alla skólana.

Hér með óskar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eftir því að:

- Fá afnot af skólahúsnæði ykkar sveitarfélaga í einn dag fyrir hverja bólusetningu (samtals 2 daga fyrir hvern skóla).
- Fellt verði niður skólahald þessa bólusetningardaga (samtals 2 dagar felldir niður í hverjum skóla).
- Fá aðstoð starfsfólks ykkar í skólunum á bólusetningardögunum eftir því sem þurfa þykir og eftir aðstæðum í hverjum skóla t.d. við að stýra flæði fólks.

*Með vinsemd og virðingu og þökk fyrir stuðning í þessu flókna og viðkvæma verkefni*

*Óskar Reykdalsson, forstjóri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*
*Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdarstjóri hjúkrunar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*
*Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri lækninga, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*